

7.fundur hreppsnefndar Árneshrepps haldinn mánudaginn 8.ágúst 2022 kl. 14:00 á skrifstofu hreppsins í Norðurfirði.

Mætt eru; Úlfar Eyjólfsson Krossnesi, Arinbjörn Bernharðsson Norðurfirði, Bjarnheiður J. Fossdal Melum 1, Delphine Briois Finnbogastaðaskóla og Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpavík.

Oddvita óskar leyfis til að taka á móti gesti í byrjun fundar, Pétur Guðmundsson í Ófeigsfirði. Hann óskar að koma á framfæri við hreppsnefnd hnitasetningu Ófeigsfjarðar. Var það samþykkt af hreppsnefnd og oddviti ritar fundargerð.

Dagskrá fundarins.

1. Gengið frá leitarseðli fyrir haustið 2022.
2. Tilkynningar frá Símanum varðandi lokun á fastlínusínum í sveitarfélagini.
3. Taka ákvörðun varðandi kaup á slökkvitækjum og dælum.
4. Stefna í íbúðamálum og atvinnumálum, skólamálum og fl. Delphine kynnir málið. Einnig kynntur póstur frá Innviðaráðuneyti varðandi málið.
5. Forkaupsréttur að kaupum á hlutum í Ferðamálasamtökum Vestfjarða. Bréf frá Sjóferðum ehf og Vestfirskum ævintýraferðum.
6. Staða stóru málanna; Ljósleiðara og þrifösun og Norðurfjarðarhöfn, skoðuð og yfirfarin.

1. Gengið frá leitarseðli fyrir haustið 2022. Farið var yfir textann og breytingar gerðar á dagsetningu og ártöldum.
2. Tilkynningar frá Símanum varðandi lokun á fastlínusínum í sveitarfélagini. Bréf sent Símanum og í svari frá þeim er beðið um að fá upp þau númer sem ekki má loka. Oddviti mun setja tilkynningu inn á Áfram Árneshrepp/Árneshrepp – dittinn og dattinn varðandi málið. Síðan verður skrifað til Símans.
3. Taka ákvörðun varðandi kaup á slökkvitækjum og dælum. Sigurður Lárusson ætlar að fara með slökkvibílinn suður og bæta í hann slöngum og öðru sem vantar og koma svo við fjórða mann og kenna mönnum á bílinn. Oddviti mun ganga frá málum varðandi slökkvibíl fyrir Árneshrepp. Úlfar, Bjarnheiður og Delphine ætla að sjá um að afla upplýsinga og verðs á dælu og búnaði fyrir Árneshrepp, og að kaupa handslökkvitæki og reykskynjara eins og þarf.
4. Stefna í íbúðamálum og atvinnumálum, skólamálum og fl. Delphine kynnir málið. Einnig kynntur póstur frá Innviðaráðuneyti varðandi málið. Delphine sagði okkur frá hvernig best er að nálgast svona verkefni. Ákveðið var að taka sértakan fund um stefnumál með haustinu.

6.5.

B DB 21.6.23

Stefnt er að því að taka upp þá nýbreytni að hafa rafrænt fyrirkomulag á eftirfylgni varðandi einstök verkefni.

5. Forkaupsréttur að kaupum á hlutum í Ferðamálasamtökum Vestfjarða. Bréf frá Sjóferðum ehf og Vestfirskum ævintýraferðum. Hreppsnefnd ætlar ekki að neyta forkaupsréttar.
6. Staða stóru málanna; Ljósleiðara og þrifösun og Norðurfjarðarhöfn, skoðuð og yfirfarin. Rætt var um horfurnar með þrifösun og ljósleiðara lagningu, hvernig málin ganga. Varðandi Norðurfjarðarhöfn er verið að gera vinnuteikningar og hugmyndir eru í vinnslu.
7. a) Ákveðið var verða við beiðni um heilsársleigu í skólaíbúðinni.  
 b) Lesið var upp bréf sem Samgöngunefnd Árneshrepps ætlar að senda á Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, Vegagerðina, vegamálastjóra, umdæmisstjóra og þingmenn NV kjördæmis.  
 c) Einnig var farið yfir fundargerð Samgöngunefndar Árneshrepps.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 17:00.

Delphine Briois  
 Ólafur Þýrjófsson  
 Aron Þorláksson  
 Þórhildur J. Fossdal  
 Óra Sigrún Björnsdóttir